


Minnisblað hafnarstjóra

Varðar Innsigliu í Flateyrarhöfn

Það hefur borið á því núna í nokkur skipti að togskipið Tindur hefur tekið niðri í innsiglingunni í Flateyrarhöfn. Hefur það valdið því að skipið hefur þurft að fara í slipp með biluð botnstykki. Hvort að bilun í botnstykki verði rakið til þessara atvika þá er ekki hægt að útiloka að svo sé.

Ég tel vera nauðsynlegt að fara í mælingu á innsiglingunni að hafnarkanti og í framhaldinu að framkvæma dýpkun til samræmis við gildandi kort. Botninn var hreinsaður í kjölfar snjóflóðsins sem féll í höfnina 14 jan. 2020 en hugsanlegt er að við það að snjóflóð féll í höfnina á Flateyri þá er ekki útilokað að snjóflóðið hafi raskað dýpi í höfninni og hugsanlega rutt upp hrygg sem hefur síðan valdið því að bátar eru að taka niðri.

Þetta verðum við að láta skoða og bregðast við með því að jafna út dýpið í Flateyrarhöfn. Lauslega kannað þá má gera ráð fyrir að kostnaður geti verið á bilinu 2-3 milljónir sé þetta minniháttar verk.



Ísafirði 22/03/2021

Guðmudur M Kristjánsson hafnarstjóri